

tveir menn aðrir hafi gert sig seka í atkvæðafólsum«. — »Ég hefi ekki einu orði minnst á málsatvik, og ætla mér heldur ekki að gera það fyrir þessum »rétti«, ástæðan er sú, að ég tel dómaraðann ekki óvilhallan, og um það hefi ég sannfærzt enn betur, eftir að ég tók að mér vörn þessa máls að nokkru leyti«. — »Og það er aftur ótvírætt merki í þá átt, að ákærvaldið (dómsmálaráðherra og dómari) hafi annara og meiri hagsmuna að gæta í máli þessu en að réttvisinni verði fullnægt«. — Skal hér staðar numið við upptalninguna, en allt varnarskjál hans er í þessum tón og fjallar svo að segja einvörðungu um dómaraðann. Fyrir þennan mjög ósæmilega rithátt verður ekki hjá því komið að sekta málfærslumanninn, og þykir sektin hæfilega metin 40 krónur, þar af 20 krónur til rikissjóðs og 20 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Um málfærsluna athugast, að hæstaréttarmálaflutningsmennirnir, Lárus Jóhannesson og Magnús Guðmundsson, hafa játað, — og það er jafnvel notorískt, — að þeir hafi ekki séð önnur skjöl snertandi málið en þau, er upp urðu tekin í útskrift af því, en eftir hlutarins eðli var ekki hægt að innfæra í hana nein af sönnunargögnum málsins, og ber að víta þá fyrir það að hafa skrifað vörn í málinu án þess að kynna sér öll skjöl þess, enda hlýtur það að hafa haft mjög óheppileg áhrif á skrif þeirra, sem og bera þess menjar. En það vottast, að málfærslan að öðru leyti hefir verið lögmæt.

Miðvikudaginn 17. dez. 1930.

Nr. 94/1930.

Réttvisin (Lárus Fjeldsted)

gegn

Ara Gíslasyni (Stefán J. Stefánsson).

Brot g. 177. gr., sbr. 174. gr. h. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. sept. 1930: Ákærður, Ari Gíslason, sæti fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 30 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru

í opinberu máli fyrir glæp drygðan af ásettu ráði og sé í því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar af réttvísinnar hálfu.

Afbrót kærða svo sem því er lýst í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, heyrir undir 177. gr., sbr. 174 gr. hinna almennu hegningarlaga og ákveðst refsingin 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til æsku hins ákærða, hreinskilinnar játningar hans og undanfarandi hegðunar, þykir mega samþykkja ákvæði dómsins um að hegningin skuli vera skilorðsbundin.

Ákærða ber að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflytningulaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað, þó svo, að refsing ákærða, Ara Gíslasonar, ákveðst 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi.

Svo greiði ákærði allan kostnað málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málflytningulaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflytningmannanna Lárusar Fjeldsted og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Ara Gíslasyni fyrverandi barnakennara, til heimilis á Óðinsgötu 32, fyrir brot gegn 16. kapitula alm. hegningariaga frá 25. júní 1869, og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Síðastl. haust var ákærði ráðinn sem stundakennari við barnaskólanum í Reykjavík. Kenndi hann 3. bekk D og einni deild 6. bekkjar í nýja barnaskólanum. Einhvern tíma seint í febrúar kom N. N. til skólustjóra barnaskólans. N. N. átti tvær dætur, A og B, 8 og 10 ára, í 3. bekk D. Hann hafði þá sögu að segja skólustjórmanum, að dætur sínar kvörtuðu undan framferði ákærða. Hafði eldri telpan verið heima hjá ákærdum til þess að fá tilsoðn í reikningi. Sagði hún föður sínum, að lituð hefði orðið úr kennslu, heldur hefði ákærður setið undir henni og látið vel að henni og haft hendurnar á milli fótanna á henni. Skólustjórinn náði samstundis í telpu þessa og staðfesti eldri telpan skýrslu föður síns, og báðar telpunar báru það, að þær yrðu fyrir óþægindum að þessu leyti, að þegar ákærður væri að hlýða þeim yfir í kennslustundum, þá gripi hann hendinni á milli fóta þeirra. Þessar telpur gáfu skólustjóra upp nöfn á fleiri telpum, sem orðið hefðu fyrir hinu sama af ákærdum, er þær voru heima hjá honum undir því yfirskyni að reikna dæmi. Telpur þessar kallaði skólustjóri þegar fyrir sig, og kvörtuðu þær allar nema ein yfir framferði ákærða við sig. Skólustjóri hóf nú rannsókn í þessu, og viðurkenndi kærður fyrir honum, að hann hefði verið að káfa á telpunum og fitla við þær sér til gamans. Var kærður látinn fara frá skólanum daginn eftir að þetta komst upp.

Telpurnar A og B, C, D, E, hafa allar verið yfirheyrðar fyrir rétti. Hafa þær allar komið einu sinni heim til ákærða, nema B. Þær hafa borið það, að ákærður hafi beðið þær að koma heim til sín til þess að reikna hjá sér dæmi, en einni sagði hann, að hann ætlaði að gá að hvaða sögur hún væri búin að lesa í biblíusögunum, en henni kenndi hann biblíusögur í forföllum annars kennara. Þegar heim til ákærða kom, reiknaði hann fyrst með þeim dálítið, tók þær síðan og sat undir þeim, þuklaði með höndunum á milli fóta þeirra. Telpan D hefir og borið það, að ákærður hafi mælt hana um mittið og lærin með málbandi. Telpurnar A og B dætur

N. N. hafa borið það, að ákærður hafi stundum stungið hendinni milli læra þeirra, meðan hann var að hlýða þeim yfir upp við púltið i skólanum.

Fyrir réttinum hefir ákærður viðurkennt framburð telpnanna réttan. Hann hefir skýrt svo frá, að hann hafi fyrst reiknað eitthvað með þeim, er þær komu heim til hans, kveðst hann þá venjulega hafa setið undir þeim á meðan og þuklað á milli fóta þeirra. Einnig kveðst hann hafa mælt sumar þeirra með málbandi. Lét hann þær smokka niður um sig buxunum, mældi þær síðan um hnéð og lærin eins ofarlega og hægt var, og minnir að hann hafi mælt háls og handleggi líka. Hann kveðst ekki geta gert grein fyrir, hvers vegna hann tók upp á þessum mælingum, en heldur að hann hafi gert það vegna þess, að hann hafi haft nautn af því að koma við þær á milli fótanna. Hann kveður sér hafa aldrei dottið i hug, að reyna að hafa samræði við telpurnar, enda hafa þær ekki borið, að hann hafi reynt nokkuð til þess.

Framantalið brot ákærða, sem kominn er yfir löggaldur sakamanna, fæddur 30. nóvember 1907, og hefir ekki sætt ákæru eða verið refsað áður, ber að áliti dómarsans að heimfæra undir 186. grein alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 51, 1928, fangelsi við venjulegt tanga-viðurværi i 30 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar. Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta afbrot að ræða, þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu, stafar af fjarveru ákærða úr bænnum.